



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Þriðjudagur, 17. október 2017

Ákvörðun nr. 36/2017

Kaup FISK Seafood ehf. á öllu hlutafé í Soffaníasi Cecilssyni hf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Með bréfi, dags. 20. september 2017, var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup FISK Seafood ehf. (hér eftir FISK) á öllu hlutafé í Soffanías Cecilsson hf. (hér eftir Soffanías). Meðfylgjandi erindinu var samrunaskrá í samræmi við 5. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005, sbr. viðauka II við reglur nr. 684/2008 um tilkynningu samruna og málsmeðferð í samrunamálum með síðari breytingum, þ.e. svokölluð styttri samrunatilkynning. Eftirlitið mat þá skrá fullnægjandi og í samræmi við ákvæði samkeppnislaga og reglur eftirlitsins um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum. Frestur Samkeppniseftirlitsins til að rannsaka samrunann skv. 1. mgr. 17. gr. d. samkeppnislaga byrjaði því að líða frá og með 21. september sl.

Ýmis gögn og upplýsingar liggja fyrir frá samrunaaðilum, auk þess sem Samkeppniseftirlitið hefur aflað upplýsinga með öðrum hætti, s.s. frá keppinautum samrunaaðila.

II.

Samruninn

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða að það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Samkeppniseftirlitið telur að í kaupum FISK á rekstri Soffanías felist samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.

Í samrunaskrá segir að samrunaaðilar séu í samskonar starfsemi þó að þeir geri út hvor frá sínum staðnum. Vinnsla samrunaaðila sé einnig ólík þannig að þeir framleiði í reynd ólíkar afurðir þó að hvor fyrir sig veiði t.a.m. töluvert af þorski. FISK hefur fyrst og fremst selt frosinn fisk og léttsaltaðan en Soffanías saltfisk. Eiga bæði félögin rækjukvóta. Vinnur FISK þá rækju sem félagið veiðir en Soffanías selur sína rækju til vinnslu.

Soffanías á fasteignir á Grundarfirði til starfsemi sinnar. Í hluta af frystihúsi félagsins við Borgarbraut 1 eru íbúðir sem ætlaðar eru starfsfólki félagsins. Ekki er um að ræða lið í atvinnustarfsemi félagsins heldur nauðsynlega ráðstöfun til að tryggja félaginu starfsfólk.

Þá kemur fram í samrunaskrá að FISK hafi einnig átt hlut í bleikjueldi á Hólum í Hjaltadal og í Þorlákshöfn. Þá á FISK helmingshlut í rækjuvinnslunni Hólmadrangi ehf. á móti



Kaupfélagi Steingrímsfjarðar. Loks á FISK félagið Iceprotein sem er þróunarfyrirtæki. Framleiðir það afurðir úr lífvirku fiskpróteini.

Stærsti hluthafi FISK er Kaupfélag Skagfirðinga hf. (hér eftir KS) sem á allt hlutfé félagsins. KS er í ýmis konar starfsemi sem að mati samrunaaðila tengist ekki starfsemi þeirra með beinum hætti.

Í samrunaskrá er vísað til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 7/2017, *Kaup Skinneyjar-þingness hf. og Nesfisks ehf. á öllu hlutfé í Háteigi Fiskverkun ehf.* og ákvörðunar nr. 6/2017, *Samruni Nesfisks ehf. og Ný-fisks ehf.* Í þeim ákvörðunum virðist að mati samrunaaðila sem Samkeppniseftirlitið hafi skilgreint veiðar sem sjálfstæðan markað en vinnslu og sölu sem annan markað. Í ljósi hlutdeildar samrunaaðila í aflamarki og þar sem veiddur fiskur getur gengið kaupum og solum til ólíkra fiskvinnslufyrirtækja telja samrunaaðilar ekki ástæðu til að gera greinarmun á vörumörkuðum eftir afurðum. Eru afurðir samrunaaðila aukinheldur aðallega seldar erlendis og hafa því takmörkuð áhrif hér á landi. Því telja samrunaaðilar markaði málsins vera markaðinn fyrir veiðar á Íslandi og markaðinn fyrir vinnslu og sölu á unnum sjávarafurðum.

Hvað landfræðilegan markað varðar vísa samrunaaðilar til þess að söluvörur samrunaaðila séu nær alfarið seldar erlendis og því sé ekki ástæða til að álíta markaðinn minni en Ísland. Hvað varði veiðar sérstaklega meggi ætla að sá markaður sé bundinn við Ísland enda lúti þær íslenskum lögum. Leiði af þeim ákveðnar takmarkanir á því hverjir geti veitt. Hvað varði markaðinn fyrir vinnslu og sölu á fiski verði hins vegar að ætla að rétt sé að líta til stærra landsvæðis, t.a.m. allrar Evrópu sem sé helsta sölusvæði samrunaaðila.

Í samrunaskrá kemur fram að á markaðnum fyrir veiðar á Íslandi starfi fjölda fyrirtækja og mikil samkeppni sé á markaðnum. Að mati samrunaaðila er unnt að miða markaðshlutdeild á markaðnum fyrir veiðar við hlutfallslegt aflamark í þorskígildistönnum fyrir yfirstandandi fiskveiðiár. Samkvæmt því viðmiði væri HB Grandi hf. stærsti aðilinn á markaðnum með 9,48% markaðshlutdeild, Samherji hf. væri með 5,86% markaðshlutdeild og hlutdeild sameinaðs félags yrði 5,8%. Hvað varðar markaðinn fyrir vinnslu og sölu á sjávarfangi er að mati samrunaaðila um að ræða markað sem er svo stór að hlutdeild íslenskra félaga er hverfandi. Af þeim sökum telja samrunaaðilar ekki ástæðu til að meta þá markaðshlutdeild af sérstakri nákvæmni enda ljóst að hlutdeild þeirra er afar lág.

Að mati samrunaaðila er ólíklegt að samruninn feli í sér nokkur neikvæð áhrif á samkeppni á Íslandi. Með samrunanum hyggst FISK tryggja sig í sessi sem eitt öflugasta sjávarútvegsfyrirtæki landsins og treysta enn frekar fjölbreyttan rekstur í útgerð, fiskvinnslu og sölu sem byggst hefur upp á undanförunum árum. Mun starfsemi félagsins vera skipulögð með það að markmiði að tryggja áframhaldandi öflugna starfsemi í Grundarfirði.¹ Með samrunanum skapast að mati samrunaaðila tækifæri til að auka hagkvæmni í starfsemi sem ætti að leiða til aukins ábata fyrir neytendur og haghafa samrunaaðila.

¹ Sjá frétt á heimasíðu FISK Seafood ehf., dags. 12. september 2017: <http://www.fisk.is/is/frettir>.



III. Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum af samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Samkeppniseftirlitið getur ekki séð út frá gögnum málsins að viðkomandi samruni leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða að samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Á grundvelli þess telur samkeppniseftirlitið ekki ástæðu til að aðhafast frekar í tengslum við þennan samruna.

IV. Ákvörðunarorð

„Kaup FISK Seafood ehf. á öllu hlutafé í Soffanías Cecilsson hf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga nr. 44/2005. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna samrunans.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson